

Viðtakandi:

Stjórnarskrárnefnd
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5, 2. hæð - 108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U02.01

Dags. 1.10.2014

Erindi: Athugasemdir vegna 1. áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar

Ágæta stjórnarskrárnefnd.

Samkvæmt tilkynningu á vef forsætisráðuneytisins þann 24.6.2014 kallar stjórnarskrárnefnd eftir opinberri umræðu og athugasemdum við efni 1. áfangaskýrslu sinnar. Í samræmi við þetta vilja Hagsmunasamtök heimilanna góðfúslega koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Í skýrslunni er fjallað aðallega um fjögur afmörkuð atriði, en aðeins verður fjallað um eitt þeirra hér.

1. Þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli undirskrifta

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fremur hlynnt auknu lýðræði og möguleikum á þáttöku almennings í ákvörðunum er varða þeirra eigin umhverfi og lífsskilyrði. Samtökin eru sammála þeirri afstöðu stjórnarskrárnefndar sem kemur fram í skýrslunni að ákvæði 26. gr. stjórnarskrár um þjóðaratkvæðagreiðslu geti staðið efnislega óhreyfð þó svo að þjóðaratkvæðagreiðsla á grundvelli undirskrifta kæmi til sögunnar sem viðbót.

Varðandi það sjónarmið hvort rétt sé að undanskilja beri lög um ákveðin málefni, svo sem skatta og þjóðréttarlegar skuldbindingar, leggjast samtökin alfarið gegn frekari takmörkunum heldur en eru til staðar samkvæmt núverandi fyrirkomulagi sbr. t.d. 26. gr. stjkskr. á því hvaða lög geta komið til greina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Vissulega kann að vera rétt að setja ákveðnar takmarkanir varðandi hin árlegu fjárlög vegna sérstaks eðlis þeirra, en aftur á móti geta allskyns önnur mál komið til er varða fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs og samninga við erlend ríki sem gæti verið réttmætt að borin yrðu undir þjóðaratkvæði. Nærtækasta dæmið er að í bæði skiptin í seinni tíð sem haldin hefur verið **bindandi** þjóðaratkvæðagreiðsla, þ.e. um ríkisábyrgð vegna Icesave samninganna, var um að ræða mál er varðaði bæði fjárhagslega hagsmuni ríkisins og þjóðréttarskuldbindingar.

Hvað varðar þá spurningu sem kemur fram í skýrslunni, hver skuli vera lágmarksfjöldi undirskrifta í undirskriftasöfnun, er ekki einfalt að svara þeirri spurningu með afgerandi hætti. Stundum hafa verið nefnd viðmið á bilinu 10-15% kosningabærra manna, en um leið skapar það ákveðinn vanda við að sannreyna hvort allir þáttakendur séu kosningabærir. Ekki er hægt að ræða um skilgreiningu á lágmarksfjölda án þess að ræða um leið skilgreiningu á lágmarkskröfum um sannpröfun.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa reynslu af því að framkvæma undirskriftasöfnun þar sem safnað var liðlega 37.000 undirskriftum á rúmlega sex mánaða tímabili, eða rétt um 16% kosningabærra manna. Tilgangur undirskriftasöfnunarinnar var reyndar ekki beinlínis að krefjast þess að gengið yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög frá Alþingi, heldur var um að ræða kröfur gagnvart stjórnvöldum og mál sem skorað var á þau að veita brautargengi í krafti stjórnarmeirihluta síns.

Reynsla samtakanna af þessu verkefni er sú að þó ekki væri nema aðeins vegna umfangsins, sé í raun ekki rétt að setja frekari takmarkanir á framkvæmd slíkra undirskriftasafnana heldur en þær sem nú má leiða af gildandi lögum, til dæmis varðandi meðferð og varðveislu persónuupplýsinga. Einnig má benda á að sá sem falsar skráningu á þáttöku annars aðila í undirskriftasöfnun gerist með því sjálfur brotlegur við lög með því að villa á sér heimildir, og sé um rafræna undirskriftasöfnun að ræða eins og algengt er orðið varðar slíkt athæfi við ákvæði fjarskiptalaga. Leiða má að því líkur að þetta hafi í för með sér fælingarmátt gegn brotum, svipað og t.d. lög sem banna kosningaspjöll.

Þegar haldnar hafa verið umfangsmiklar undirskriftasafnanir sem þessar hér á landi hafa samhliða þeim oftast verið gerðar ýmisskonar sannprófanir og áreiðanleikakannanir til þess að reyna að stuðla að eða sýna fram á áreiðanleika þeirra. Reynsla hefur sýnt að alltaf eru einhver tilvik þar sem nöfn komast á undirskriftalista sem eru annað hvort fölsk eða eiga ekki að vera þar, en það er hinsvegar eðli undirskriftasafnana meðal almennings að slíkt fylgir þeim. Úttektir sem gerðar hafa verið á þessu hafa hingað til jafnan sýnt að um lágt hlutfall sé að ræða og er hægt að lágmarka það verulega með einföldum aðgerðum á borð við samkeyrslu kennitölu og nafns við þjóðskrá.

Fari svo að komið verði á fyrirkomulagi um þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli undirskriftasafnana hér á landi væri ekki heillavænlegt að gera mjög strangar kröfur til framkvæmdar þeirra sem myndu fela í sér óyfirtíganlegan kostnað eða aðrar hindranir. Æskilegra væri frekar að komið yrði upp vel skilgreindu en einföldu ferli eða nokkurskonar sniðmáti að réttari framkvæmd. Jafnframt að þegar fjöldi undirskrifta hafi náð tilskildu lágmarki þá verði til staðar opinbert ferli sannprófunar og eftir atvikum áreiðanleikakönnunar á undirskriftalistum. Slíkt verkefni væri til að mynda hægt að fela þjóðskrá eða Hagstofu Íslands, þar sem umræddar grunnskrár eru nú þegar fyrir hendi.

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er helsta leiðin til þjóðaratkvæðagreiðslu sú að skora á Forseta Íslands að skrifa ekki undir tiltekin lög frá Alþingi, og þá til dæmis með vísan til þess að safnað hafi verið tilteknum fjölda undirskrifta við þá áskorun. Að fenginni reynslu af beitingu þessarar aðferðar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrár er ekki ýkja langsótt að sjá fyrir sér að bæta megi við ákvæði um sambærilega þjóðaratkvæðagreiðslu milliliðalaust og eingöngu á grundvelli undirskrifta.

Gallinn við framangreinda aðferð er hinsvegar að henni verður aðeins beitt til að ógilda lög frá Alþingi, en ekki til að mynda þannig að hægt sé að kjósa um hvort grípa eigi til ákveðinna athafna. Þess vegna er nauðsynlegt að einnig verði tekinn til álita sá möguleiki að á grundvelli undirskrifta verði hægt að leggja frumvarp eða ályktun um tiltekið efni fyrir Alþingi eða hafa með einhverjum hætti áhrif á ákvarðanatöku um aðgerðir stjórnvalda og þann ramma sem þeim er búinn.

2. Framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu; 3. Auðlindir; 4. Umhverfisvernd

Þessir málaflokkar falla strangt til tekið utan málefnasviðs Hagsmunasamtaka heimilana, sem taka þar af leiðandi enga afstöðu til þeirra. Önnur samtök sem starfa á þessum sviðum eru eflaust mun betur í stakk búin til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum er varða þau sérstaklega.

Næstu umfjöllunarefni


Fram kemur í fyrstu áfangaskýrslunni hvaða fleiri atriði sé hafin umræða um innan nefndarinnar, og þar eru jafnframt nefnd ýmis umfjöllunarefni sem fyrirhugað er að næst verði tekin fyrir. Meðal þeirra eru mannréttindi og dómstólar, sem eru þau atriði í stjórnarskrá sem eru þýðingarmest fyrir málefnasvið samtakanna. Eins og kemur fram í niðurlagi 1. áfangaskýrslunnar er gert ráð fyrir því að fleiri áfangaskýrslur verði birtar eftir því sem verkefni nefndarinnar miði áfram. Samtökin munu því að öllum líkindum koma frekari athugasemdum varðandi þessi atriði á framfæri síðar, eða eftir atvikum þegar skýrist nánar hvernig framvinda verður á störfum stjórnarskrárnefndar.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna, heimilin@heimilin.is



Vilhjálmur Bjarnason, formaður@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is